

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 4. júní til 31. ágúst 2013



Alþýðusamband Íslands



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



RÍKISSKATTSTJÓRI



Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Reykjavík 22. nóvember 2013

Átaksverkefni ASÍ, SA og RSK

Tímabilið 4. júní til 31. ágúst 2013

Inngangur

Átaksverkefnið „Leggur þú þitt af mörkum?“ var framkvæmt þriðja sumarið í röð á tímabilinu 4. júní til 31. ágúst 2013. Um er að ræða samstarfsverkefni Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Ríkisskattstjóra um tímabundið átak þessara aðila með heimsóknnum á vinnustaði til eflingar á góðum atvinnuháttum. Átakið var nú framkvæmt á grundvelli samkomulags sem undirritað var 16. maí 2013. Markmið verkefnisins var sem fyrr að hafa leiðbeinandi eftirlit með skilum á staðgreiðslu, tekjuskráningu, vinnustaðaskírteinum, virðisaukaskattsskilum og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstaraðila.

Verkefnið

Í verkefnavali var sérstök áhersla lögð á ferðapjónustu og aðila tengdum henni, en einnig var sjónum beint að bygginga- og verktakastarfsemi sem og starfsstöðvum sem valdar voru af handahófi. Farið var á helstu ferðamannastaði í samstarfi við lögreglu viðkomandi svæða, þar með talið Gullfoss og Geysi, Bláa lónið, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Skarfabakka í Reykjavík þar sem flest skemmtiferðaskip koma til landsins.

Ákveðið var að beina skoðuninni að því hvernig þeir aðilar sem voru heimsóttir uppfylltu kröfur er lúta að:

- Skilum á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum
- Vinnustaðaskírteinum
- Tekjuskráningu
- Virðisaukaskattsskilum

Sérstök áhersla var lögð á eftirlit með skilum á staðgreiðslu og launatengdum gjöldum. Ný úrræði til að knýja fram úrbætur á því sviði voru notuð með góðum árangri af hálfu RSK en um er að ræða tilmæli um úrbætur á grundvelli lokunarheimildar 3. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem fékkst með breytingum á lögnum sem samþykktar voru á Alþingi þann 28. mars 2013.

Að jafnaði fóru út tvö teymi tvisvar í viku sem hvort um sig voru mönnuð tveimur starfsmönnum frá RSK, einum frá ASÍ og einum frá SA. Á starfsstöð var athugað hvort rekstaraðili hefði tilkynnt sig á launagreiðendaskrá og skilað staðgreiðslu af starfsmönnum sem voru að störfum þegar heimsóknin átti sér stað og leiðbeinandi tilmæli voru veitt varðandi önnur atriði eins og



tekjuskráningu og virðisaukaskatt. Einnig var haft eftirlit með því að starfsmenn væru með vinnustaðaskírteini þar sem þess er krafist. Með beinni tengingu við kerfi RSK var á starfsstöð hægt að sannreyna og í auknum mæli bregðast við frávikum og brotum á réttri skattframkvæmd jafnóðum.

Þó að áhersla hafi verið lögð á ferðaþjónustu og aðila tengda henni voru einnig heimsótt verkstæði, byggingasvæði og hárgreiðslustofur ásamt því að farið var í kvöldheimsóknir á veitinga- og skemmtistaði í Reykjavík. Þá var Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og velferðasviðum viðkomandi bæjarfélaga tilkynnt um frávik sem tengdust þeim að höfðu samráði við þær stofnanir.

Í áttakinu voru alls 748 lögaðilar heimsóttir og 1896 kennitölur skráðar. Farið var um allt landið en þess ber að geta að sérstakt teymi mannað með sambærilegum hætti og hér að framan er lýst sá alfarið um eftirlit á Akureyri og nágrenni. Eins og sjá má í töflu hér á eftir var farið í 392 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eða 52,4% og á landsbyggðinni voru skoðuð 356 fyrirtæki eða um 47,6%. Lögð var áhersla á að heimsækja sem flesta staði á landsbyggðinni.

Dreifing heimsókna Landshlutar	Fjöldi fyrirtækja	%
Höfuðborgarsvæðið	392	52,4%
Suðurland	166	22,2%
Vesturland	62	8,3%
Norðurland	96	12,8%
Austurland	32	4,3%
Samtals	748	100%

Mynd 1. Skipting heimsókna eftir landshlutum





Niðurstöður

Af þeim 748 fyrirtækjum sem heimsótt voru, eru 416 fyrirtæki eða 55,6 % með stöðuna „Lokið án athugasemda“ og er þá átt við að fyrirtæki standi skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti og tekjuskráning sé formlega í lagi. Þessar niðurstöður sýna að 44,4% þeirra fyrirtækja sem skoðuð voru eru með einhverjar athugasemdir og sum hver með fleiri en eina.

Staða mála	Fjöldi ft.	%
Lokið án athugasemda	416	55,6%
Í vinnslu	47	6,3%
Lokið sent áfram	102	13,6%
Lokið leiðbeinandi tilmæli	182	24,3%
Ekki náðist í gjaldanda	1	0,1%
Samtals	748	100%

Mynd 2. Staða mála

Heildartölur	Samtals	%
Rekstaraðilar án frávika	416	55,6%
Rekstaraðilar með frávik	332	44,4%
Samtals	748	100%

Mynd 3. Heildartölur frávika

Hér á eftir eru útskýringar á hverjum málaflokki fyrir sig.

Lokið án athugasemda

Undir þetta falla öll mál sem fengu engar athugasemdir á vettvangi.

Í vinnslu

Undir þetta falla mál þar sem enn er beðið eftir að einstaklingar skili sér á staðgreiðsluskrá eða beðið er eftir frekari gögnum er varða tekjuskráningu til þess að hægt sé að ljúka máli með viðeigandi hætti.

Lokið og sent áfram

Undir þetta falla mál sem send eru áfram til frekari vinnslu. Þetta á til dæmis við um mál þar sem úrskurða þarf gjaldanda á launagreiðendaskrá, hækka reiknað endurgjald, loka virðisaukaskattsnúmerum, mál þar sem einstaklingar fengu greiðslur frá Vinnumálastofnun eða Tryggingastofnun ríkisins og mál þar sem lokunarheimild á grundvelli laga um staðgreiðslu var beitt.

Lokið leiðbeinandi tilmæli

Undir þetta falla mál þar sem leiðbeinandi tilmælum var beint til gjaldanda á vettvangi en ekki þótti ástæða til að fara í frekari aðgerðir. Þetta á aðallega við um mál þar sem óveruleg frávik voru og þar sem rekstaráðili bætti úr annmörkum í kjölfar athugasemda.

Ekki náðist í gjaldanda

Undir þetta falla mál þar sem ekki hefur náðst í rekstraraðila.

Flokkun frávika

Skráð voru frávik vegna staðgreiðslu, tekjuskráningar og virðisaukaskatts. Skráð voru frávik hjá 332 fyrirtækjum og voru 32 fyrirtæki með frávik í öllum flokkum. Af skráðum frávikum voru frávik vegna staðgreiðslu hlutfallslega flest eða 81,3%. Því næst voru 36,1% frávika vegna tekjuskráningar og 17,5% vegna virðisaukaskatts. Taka ber fram að megináherslan var lögð á að kanna staðgreiðsluskil vegna launamanna og tekjuskráning var í mörgum tilfellum ekki könnuð vegna aðstæðna.

Frávik vegna staðgreiðslu voru skráð hjá 270 fyrirtækjum sem svarar til þess að skilum á staðgreiðslu hafi að einhverju leyti verið áfátt hjá 36,1 % fyrirtækja á þeim tíma sem heimsóknin átti sér stað. Frávik voru skráð ef starfsmenn voru ekki á staðgreiðsluskrá vegna launa hjá viðkomandi rekstaraðila, vegna vanskila rekstaraðila á skilagreinum staðgreiðslu og ef rekstaraðili hafði ekki tilkynnt sig á launagreiðendaskrá RSK.

Við skoðun á tekjuskráningu var kannað hvort reikningaform og búnaður sjóðvéla væri í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Tekjuskráningu var í einhverju áfátt hjá 120 fyrirtækjum eða 16 %.

Frávik í virðisaukaskatti fela í sér að fyrirtæki sæta áætlun í virðisaukaskatti eða eru ekki með virðisaukaskattsnúmer, 58 rekstaraðilar voru með slík frávik, eða 17,5%

Frávik	Fjöldi	%
Staðgreiðsla	270	81,3%
Tekjuskráning	120	36,1%
Vsk	58	17,5%

Mynd 4. Hlutfall frávika hjá fyrirtækjum með frávik eftir tegund

Frávik	Fjöldi	% af heild
Staðgreiðsla	270	36,1%
Tekjuskráning	120	16,0%
Vsk.	58	7,8%

Mynd 5. Hlutfall frávika af heildarúrtaki eftir tegund

Staðgreiðsla

Ef ekki komu fram skil á staðgreiðslu starfsmanna í kerfum RSK þegar heimsóknin átti sér stað var það skráð sem frávik en beðið með að ljúka skráningunni þar til eftir gjalddaga skilagreina fyrir heimsóknarmánuðinn eða fram að 15. degi næsta mánaðar á eftir. Hér á eftir eru myndir sem sýna stöðuna í staðgreiðsluskilum einstaklinga fyrir og eftir heimsókn á starfsstöð. Eftir heimsókn á vegum átaksins í fyrirtæki var staðgreiðslu skilað fyrir 213 manns sem áður voru

ekki með skráðar tekjur hjá viðkomandi rekstaraðila, á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnuálfstofnun eða hjá velferðasviði viðkomandi bæjarfélags. Tekið skal fram að þetta þarf ekki að þýða að skattskil hafi í öllum tilfellum verið röng því að hluti frávíka skýrðist af því að fólk var ný byrjað í starfi og í mörgum tilfellum var um sumarvinnu að ræða. Þó má telja víst að fjöldi tilvíka má þakka aðhaldinu sem fólst í heimsókninni og einnig hinni nýju heimild í staðgreiðslulögum til lokunar starfstöðva á grundvelli vanskila á staðgreiðslu.

Staða mála eftir átak	Fjöldi kt.	%	Staða mála í upphafi	Fjöldi kt.	%
Einstaklingar á staðgreiðsluskrá.	1.625	85,7%	Einstaklingar á staðgreiðsluskrá.	1.412	74,5%
Einstaklingar ekki á staðgreiðsluskrá	271	14,3%	Einstaklingar ekki á staðgreiðsluskrá	484	25,5%
Samtals	1.896	100%	Samtals	1.896	100%

Í heimsóknum voru teknar niður kennitölur hjá öllum einstaklingum sem voru við störf. RSK tilkynnti 15 tilvik til eftirtalinna aðila, en þess ber að geta að Vinnuálfstofnum og Tryggingastofnum ríkisins hafa jafnframt beinan aðgang að „FINNI“ kerfinu þar sem SA og ASÍ skrá niður allar kennitölur sem teknar eru niður á starfsstöð.

Tilkynningar um meint bótavik.	fjöldi
Velferðarsvið sveitarfélaga	2
Tryggingastofnun ríkisins	13
Samtals	15

Mynd 6. Tilkynningar um bótavik

Við samkeyrslu gagnagrunna Vinnuálfstofnunar við FINN vegna eftirlitsferða sem fram fóru á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2013 komu upp nöfn 54 einstaklinga. Af þeim fóru 25 í nánari skoðun, þ.e. bréf var sent og óskað eftir upplýsingum um ótilkynnta vinnu. Í 21 af 25 málum sem fóru í nánari skoðun var tekin ákvörðun um beitingu viðurlaga samkvæmt 60. gr. laga um atvinnuleysistryggingar (stöðvun greiðslna og viðkomandi þarf að vinna í 12 mánuði á innlendum vinnumarkaði til að eiga rétt til atvinnuleysisbóta á ný) og í flestum tilvikum var gerð krafa um endurgreiðslu á ofgreiddum atvinnuleysisbótum.

Heimild til að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur á grundvelli laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Með lögum nr. 42/2013 um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda bættust við tveir nýir málslíðir við 29. gr. laganna:

„Jafnframt er ríkisskattstjóra heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 19. gr. Ekki skal beita þessu úrræði nema eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.“

Þó að RSK hafi frá upphafi átaksins vísað til hinnar nýju lokunarheimildar í því skyni að þrýsta á úrbætur á staðgreiðsluskilum rekstraraðila var það ekki fyrr en í síðara hluta átaksins sem úrræðunum var beitt með skriflegum og kerfisbundnum hætti. Þrjú fyrirtæki fengu tilmæli um úrbætur í áttakinu og var atvinnurekstur stöðvaður í einu tilfelli en hin gerðu viðeigandi úrbætur áður en heimildinni var beitt. Meginreglan er sú að tilmæli um úrbætur eru lögð fram þegar skilagreinum vegna staðgreiðslu hefur ekki verið skilað í tvö tímabil eða fleiri, fyrirtæki eru ekki skráð á launagreiðendaskrá og ef skilagreinum er ekki skilað vegna einstakra starfsmanna. Tilmælin eru ítrekuð tvisvar sinnum áður en til lokunar kemur.

Úrræðunum hefur margsinnis verið beitt af RSK eftir lok átaksins með miklum og góðum árangri og hafa skil þeirra sem hafa ítrekað verið til vandræða batnað til muna.

Almennar ályktanir

Mikið var um ábendingar frá rekstaraðilum sem kvörtuðu undan slæmri samkeppnisstöðu við aðila sem stunda svarta atvinnustarfssemi. Þetta var sérstaklega áberandi varðandi starfsemi innan ferðaþjónustunnar, en ábendingar og áhyggjuraddir bárust frá rekstaraðilum á vettvangi, frá samtökum ferðaþjónustunnar og frá almenningi. Oft var um að ræða almennar ábendingar, eða jafnvel ábendingar þar sem um er að ræða aðila með óskráðan rekstur, enga starfsstöð og engar opinberar auglýsingar.

Almennt var tekið vel á móti eftirlitsaðilum átaksins og var yfirleitt ánægja með það leiðbeinandi eftirlit sem átakið byggir á. Einnig er hægt að fullyrða í ljósi niðurstaðna af verkefninu að fjöldi starfsmanna hefur skilað sér í fyrsta skipti með laun á staðgreiðsluskrá og að fyrirtæki hafi bætt sig varðandi skráningu tekna.

Ljóst er að vettvangur viðskipta er að færast í auknu mæli yfir á veraldarvefinn. Aukin tækni auðveldar alla sölu í gegnum vefinn og endurspeglast það ekki síst í auknu framboði á vörum og þjónustu frá almenningi með litlum tilkostnaði. Þetta er einnig mjög áberandi varðandi eignaleigu almennings í tengslum við ferðaþjónustu. Brýnt er að þróa betur aðferðir til að hafa eftirlit með starfsemi sem fer fram á hinum rafræna vettvang t.d. með því að birta upplýsingar um skatta og skyldu á viðkomandi samfélagsmiðlum eða „heimsækja“ rekstraraðila rafrænt á vefslóð starfseminnar.

Í áttakinu var einnig kannað með vinnustaðaskírteini og kom í ljós að enn er nokkru ábótavant í þeim efnum. Þau fyrirtæki sem komu fyrst inn í samkomulagið um vinnustaðaskírteinin eru flest komin með skírteini en þó bar á því að ekki voru gerð skírteini fyrir nýja starfsmenn og einnig þegar fyrirtæki skipta um kennitölu. Þá má einnig geta þess að vinnustaðaskírteinin eru gott verkfæri til að koma í veg fyrir skattsvik og bótasvik.

Viðeigandi úrræði/lagabreytingar


Öflug úrræði til að þrýsta á úrbætur á vettvangi eru forsenda fyrir virku og árangursríku vettvangseftirliti. Leiðbeinandi tilmæli ásamt skynsamlegri beitingu viðurlaga þarf til að farið sé eftir einföldum og nauðsynlegum leikreglum. Eins og fram hefur komið hafa úrræði sem fengust með lagabreytingum í mars 2013 skilað sér í mun öflugra og árangursríkara eftirliti. Því er ástæða til að ítreka það enn og aftur að lagabreytinga er þörf til að fá aukin úrræði hvað varðar tekjuskráningu og skil á öðrum sköttum og gjöldum en staðgreiðslu.


Reykjavík, 22. nóvember 2013


f.h. ríkisskattstjóra

f.h. Alþýðusambands Íslands

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Ragnhildur Þórhallsdóttir


Sigurður Magnússon


Jóhannes Ottósson